

# Nafnið.is: Staður á Íslandi, rannsókn

## Æfing í heimildaöflun og að nota gagnasöfn sem rannsóknartól

Veldu þér jörð á Íslandi sem þú þekkir vel eða vilt vita meira um. Það getur verið gatan eða hverfið sem þú ólst upp í, sveit sem amma þín eða afi bjuggu í, svæðið í kringum sumarbústað sem þú ferð reglulega í eða sögulegur staður sem þú hefur annars engin persónuleg tengsl við. Reyndu að afmarka efnið þitt vel, því smærra svæði því betra. Skrifðu **600-800** orða ritgerð.

Byrjaðu á að finna upplýsingar um jörðina á **nafnid.is**. Þú getur leitað í leitarstikunni en þú getur líka skoðað lista af skráum undir *sveitarfélög* og *sýslur* eða skoðað Íslandskort á vefsíðunni. Lestu örnefnaskrár sem eru til um jörðina og skoðaðu lýsingarnar.

Hafðu inngang þar sem þú útskýrir stuttlega hvaða stað þú ætlar að rannsaka. Ef þú hefur persónuleg tengsl við staðinn mátt þú taka það fram hér. Í meginmáli segir þú frá því sem þú finnur á nafnid.is (og fleiri vefsíðum ef þú notar þær). Athugaðu vel hvernig þú vísar í efnið og varastu að endursegja of mikið. Í lokaorðum dregur þú stuttlega saman niðurstöðurnar.

### Umræðuefni

Kemur fram hvers vegna jörðin heitir sínu nafni? Eru örnefni nefnd sem eru notuð yfir stærri svæði í dag? Hvernig hefur svæðið breyst síðan á tímanum sem lýst er í örnefnaskránni? Finnur þú örnefnaskrár frá fleiri en einum tíma og getur borið saman hvað hefur breyst á milli þessara tíma?

Skoðaðu fleiri vefsíður og leitaðu að upplýsingum um staðinn þinn. Þú þarft ekki að leita í öllum síðunum. Mundu að athuga vel ártölin á efninu sem þú finnur, reyndu að fjalla um afmarkaðan tíma eða bera saman ólík tímabil, ekki nota efni í belg og biðu frá alls konar tímabilum.

- **Ísmús** (<https://ismus.is/>). Munnlegar heimildir um þjóðsögur og ævintýri og upplýsingar um merkilegt fólk. Einnig ljóð, kvæði o.fl.
  - o eru einhverjar þjóðsögur til um staðinn þinn? Hefur þú heyrt um þær áður? Áttu einhverjar kynjaverur leið á staðinn þinn? Þjó eitthvað merkilegt fólk á staðnum þínum?
- **Sögulegt mann- og bæjartal** (<https://smb.mshl.is/>)
  - o Hvaða fólk bjó á staðnum? Hvenær? Hvað bjuggu margir á staðnum?
- **Sarpur** (<https://sarpur.is/is/>). Ljósmyndir, kort og fleira.
  - o Finndu mynd af staðnum. Hefur eitthvað breyst?
- **Saga map** (<https://sagamap.hi.is/is/>). Sögustaðir Íslendingasagnanna.
  - o Átti einhver viðburður í Íslendingasögunum sér stað á staðnum þínum? Komu þekktar persónur úr Íslendingasögunum við á staðnum þínum?
- **Tímarit.is** (<https://timarit.is/>). Blaða- og tímaritsgreinar frá 19.–21. öld.
  - o Var einhver merkilegur viðburður sem átti sér stað á staðnum þínum?
- **Ísland á filmu** (<https://islandafilmu.is/>). Íslenskar kvikmyndir frá 20. öld.
  - o Finnur þú myndefni frá staðnum þínum? Var eitthvað merkilegt sem gerðist þar?